

Jaðarstaða foreldra - velferð barna

Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir

Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar

Áttunda hefti 2015

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2015

Jaðarstaða foreldra– velferð barna

Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir

Ritröð um rannsóknaverkefni á sviði félagsráðgjafar

Áttunda hefti 2015

Ritstjóri Sigrún Júlíusdóttir

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd 2015

© Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og höfundar

Öll réttindi áskilin.

ISBN 978-9935-9075-7-8

Útgefandi: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF),

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

Útgáfuár: 2015

Prentun: Háskólaprent

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósritun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Summary

This paper (ritröð) was based on a research which the ICE CCFR (Centre for Children and Family Research) and SSRI (The Social Science Research Institute) conducted for the Reykjavík Welfare office in the winter 2011-2012. People who receive financial support from municipalities are, among others, the ones who have the lowest income in Iceland. This research was based on comparing the socio-economic status of parents in Reykjavík, depending on whether their income was based on social benefit from municipalities, unemployment benefits or salary from the general labor market. The main goal for this paper is firstly to find out if children who have parents receiving social support or unemployment benefits are socially excluded from social activities, sports or other leisure activity. Secondly to explore the effect of poor economic status of parents on the children's, social- capital and network. The findings strongly indicate that have children who receive social or unemployment benefits are excluded from social activities as well as having a poor social status because of their parent's way of earnings.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	7
2	Fræðilegt sjónarhorn	8
3	Framkvæmd rannsóknar og svarsheimtur	13
4	Niðurstöður.....	14
4.1	Bakgrunnur þátttakenda	14
4.2	Staða þátttakenda	16
5	Samantekt og umræða	24
5.1	Ályktanir og tillögur til úrbóta	27
	Heimildir	31

Myndir

Mynd 1. Kyn þátttakenda***	14
Mynd 2. Aldur þátttakenda***	15
Mynd 3. Menntun þátttakenda ***	15
Mynd 4. Hjúskaparstaða þátttakenda***	16
Mynd 5. Búseta þátttakenda***	16
Mynd 6. Heimilistekjur þátttakenda***	17
Mynd 7. Hversu vel eða illa gengur þér að láta enda ná saman?***	17
Mynd 8. Aldur barnsins***	18
Mynd 9. Hversu miklu fjármunum varðir þú í íþrótt og tómstundastarf barnsins þessa haustönn?***	19
Mynd 10. Þátttaka barna á aldrinum 0 til 5 ára í sundnámskeiðum.....	19
Mynd 11. Þátttaka barna á aldrinum 0-5 ára í íþróttanámskeiðum/íþróttaskóla (óg)	20
Mynd 12. Er barnið í tónlistaskóla?***	20
Mynd 13. Þátttaka barna á aldrinum 10 til 15 ára í skólaböllum eða böllum í félagsmiðstöð. (óg).....	21
Mynd 14. Þátttaka barna á aldrinum 10 til 15 ára í klúbbastarfi eða opnum húsum í félagsmiðstöð (óg).....	21
Mynd 15. Hve oft stundar barnið hreyfingu utan skóla þar sem barnið mæðist og svitnar?*	22
Mynd 16. Færðu aðstoð frá ættingjum og/eða vinum við að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf barnsins?óg (***)	22
Mynd 17. Hefur þú á síðustu 12 mánuðum nýtt Frístundakortið sem er í boði til að greiða niður frístundastarf barnsins?***	23
Mynd nr.18 sýnir dæmi um hvaða aðilar þurfa að vera í umræddu formlegu samstarfi (listinn er ekki tæmandi).	30

1 *Inngangur*

Í þessari ritröð eru kynntar niðurstöður rannsóknar um félagslegar aðstæður reykvískra barnafjölskyldna eftir atvinnustöðu þeirra. Rannsóknin var unnin af Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (FHÍ) að beiðni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Velferðarsvið vildi vita hverjar aðstæður barna foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar væru sambanborið við börn foreldra í launaðri atvinnu (eða atvinnulaus) hvað varðar þátttöku í íþróttum og tómstundastarfi og öðru félagsstarfi. Ástæðan fyrir þessu var að foreldrar sem nutu fjárhagsaðstoðar hjá Reykjavíkurborg höfðu nýtt sér Frístundakortið fyrir börn sín í minna mæli en ætlað var. Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttum-, lista- og tómstundastarfsemi (Reykjavíkurborg, e.d.).

Kannaðar voru aðstæður foreldra sem nutu fjárhagsaðstoðar eða atvinnuleysisbóta og þær bornar saman við aðstæður foreldra á vinnumarkaði. Gagnasöfnun var framkvæmd á tímabilinu desember 2011– janúar (árslok 2011 og ársbyrjun) 2012. Eitt af meginmarkmiðum rannsóknar var að bera saman efnahagslegar og félagslegar aðstæður reykvískra barnafjölskyldna eftir atvinnustöðu þeirra. Annað markmið var að kanna hvort atvinnustaða foreldra hefur áhrif á þátttöku barna þeirra í íþróttum og tómstundaiðkun. Að lokum var markmiðið að kortleggja hindranir foreldra sem fá fjárhagsaðstoð til að nýta sér þjónustu er varðar börn þeirra.

Rannsóknasurningarnar í þessu ritverki eru tvær. Annars vegar skyldi reynt að svara því hvort börn fólks sem nýtur fjárhagsaðstoðar eða atvinnuleysisbóta séu félagslega útilokuð frá þátttöku í félagsstarfi (íþróttum og tómstundum) vegna fjárhagsstöðu foreldranna. Hins vegar skyldi athugað hvort atvinnustaða og þar með fjárhagur hafi áhrif á félagslegt tengslanet og félagsauð barna þeirra, en þeim hugtökum eru gerð nánari skil í umfjöllun um fræðilegt sjónarhorn í kafla tvö hér á eftir. Til að leita svara við rannsóknasurningunum var varpað ljósi á stöðu reykvískra foreldra út frá kenningum um félagslega útilokun (e.social exclusion), félagslegt tengslanet (e.social network) og félagslegan auð (e.social capital). Í kafla þrjú er sagt frá framkvæmd þessarar rannsóknar RBF og FHÍ um aðstæður reykvískra foreldra, og í kafla fjögur er greint frá niðurstöðum. Í kafla fimm eru niðurstöðurnar ræddar og settar í samhengi við kenningarlegan grunn. Á þeim grundvelli eru að lokum settar fram ályktanir og tillögur til úrbóta. Að þessu er komið nánar í umræðukafla um niðurstöður þessarar rannsóknar um aðstæður reykvískra foreldra.

2 Fræðilegt sjónarhorn

Hér á eftir verður fjallað um kenningagrunn og hugtök sem snerta viðfangsefni rannsóknarinnar, þ.e. jaðarstöðu hópa í velferðarsamfélaginu. Hér eru það einkum framangreindu hugtökin félagsleg útilokun, félagslegt tengslanet og félagslegur auður sem samfélagsrýnar hafa þróað útfrá kenningum sínum og hugmyndafræði um félagslegan jöfnuð og rétt.

Farið var að nota hugtakið *félagsleg útilokun* um 1990 en hefur því mikið verið beitt í umræðu og rannsóknum síðan. Skilgreind merking hugtaksins er fremur afstæð en hlutlæg og er mismunandi eftir því í hvaða samhengi það er notað. Félagsleg útilokun felur í sér að viðkomandi sé í raun utanveltu við félagslegar bjargir, (félagsleg) gildi og viðmið samfélagsins. Það vísar til ójafnréttis og ójöfnuðar sem getur átt rætur að rekja t.d. til kyns, kynþáttar, þjóðernis, fjárhags- eða félagslegrar stöðu viðkomandi. Slík staða veldur mismunum um leið útilokun þeirra sem er mismunandi frá ýmsum gæðum samfélagsins. Þetta hefur komið fram í rannsóknum í félagsvísindum þar sem félagsleg útilokun snertir jafnframt skort á tengslum og samsömun við þjóðfélagið (Littlewood, Herkommer og Koch, 2007).

Þannig félagsleg útilokun frá gæðum samfélagsins getur framkallað keðjuverkun. Meðal annars getur útilokun frá félagslegum gæðum eins og atvinnu leitt til tekjutaps sem aftur leiðir af sér efnahagslegan skort. Sá skortur getur síðan leitt til vanda af öðru tagi og m.a. takmarkað þátttöku fjölskyldu til ýmissa valkosta samfélagsins svo sem aðgengi að upplýsingum, menntun, tómstundaiðju, menningu eða listum. Þessi efnahagslegi lífsgæðaskortur getur líka haft ennþá alvarlegri afleiðingar frumskorts eins og vannæringu eða heimilisleysi. Afleiðingar félagslegrar útilokunar hafa samkvæmt þessu víðtæk áhrif á líf þeirra einstaklinga sem fyrir henni verða. Þær geta jafnvel valdið færniskerðingu á ólíkum sviðum, andlegum skaða, eymd, missi af mannlegum samskiptum, vanheilsu og auknum dánarlíkum (Sen, 2000). Afleiðingar atvinnuleysis og útilokun frá vinnumarkaði eru því ekki eingöngu bundnar við tekjutap og slæman efnahag heldur geta leitt af sér margvíslega félagslega útilokun.

Vitað er að enn annað sem skiptir máli fyrir vellíðan fólks er gott félagslegt tengslanet og svo kallaður félagsauður. Gott og varanlegt félagslegt tengslanet einstaklinga getur fullnægt

félagslegri þörf og veitt aðgang að ýmsum björgum sem geta verið hjálp og stuðningur við ólíkar aðstæður. Félagslegt tengslanet getur þannig bætt upp skort einstaklingsins á öðrum sviðum, jafnvel efnahagslegan skort að einhverju leyti. Með góðu félagslegu tengslaneti aukast þannig bjargir viðkomandi. Bjargirnar eru svo háðar aðgengi einstaklinga að félagslegu tengslaneti þeirra sem ræðst síðan af félagsauði þeirra sem tilheyra tengslanetinu (Bø og Schieflo, 2009).

Félagsauður felur meðal annars í sér viðurkenningu, félagsleg viðmið og gildi. Slíkt félagslegt net sem einkennist af gagnkvæmni og skuldbindingu er til heilla fyrir tengslin. Félagsauður er á mismunandi stigum einstaklinga, samfélags eða þjóðar. Félagsauður getur bæði falist í tengslum milli jafningja og sem brú á milli fólks í mismunandi stöðu í samfélaginu. Franski félagsfræðingurinn Bourdieu (1986), bandaríski félagsfræðingurinn Coleman (1988, 1994) og samlandi hans stjórnmálafræðingurinn Putnam (2000) eru meðal þeirra rannsakenda sem hafa einkum haft áhrif á núverandi skilning á félagslegum auði (Hvinden, Hagen, Selle, Lorentzen, Slagsvold, Lohrmann, Østberg, Nordlie og Gissinger, 2005).

Hvað varðar skilgreiningu á félagsauði eru áherslur fræðimanna mismunandi. Þannig leggur Coleman (1988, 1994) mesta áherslu á gæði tengsla og minni áherslu á byggingu nýrra tengsla eða byggingu tengsla milli ólíkra hópa á meðan Putnam (2000) leggur meiri áherslu á að byggja brýr tengsla þvert á félagslega hópa. Samkvæmt kenningum Bourdieu (1986) byggir félagsauður einnig á tengslum. Hann skilgreinir félagsauð sem bjargir sem einstaklingar og fjölskyldur hafa í sínum fórum til að gæta hagsmuna sinna og stöðu og þar með tengslum.

Samkvæmt Bourdieu (1986, 1990) er félagsauður því, sá auður sem einstaklingar geta byggt upp, haldið fyrir sig og notað til að bæta eigin hagsmuni. Coleman (1988, 1994) og Putnam (2000) hafa frekar litið á félagslegan auð sem sameiginlega auðlind sem einstaklingar geta nýtt sér. Þeir telja að félagslegur auður verði til með framlagi einstaklinga í tíma, fyrirhöfn og athygli. Þeir telja einnig að félagsauður sé að mestu almannagæði og geti þannig einnig – og ekki síður- gagnast öðrum en þeim sem sjálfir hafa lagt verðmæti eins og tíma, fyrirhöfn og athygli af mörkum (Kari og Steiner, 2010). Að auki hafa rannsóknir á félagsauði sýnt að fyrirbærið hefur þýðingu á mörgum sviðum samfélagsins þ.e. einstaklings (e.micro), stofnana og nærsamfélagi (e.meso) og þjóðar (e.macro) (Halpern, 2005).

Putnam (2000) skiptir félagsauði í tvennt, annars vegar í félagsauð sem myndast í gegnum tengsl (e.bonding) sem verða til með samstöðu fólks í tengslaneti og hinsvegar með byggingu nýrra tengsla (e.bridges). Félagsauð sem tengsl er að finna í félagslegum afmörkuðum einingum með ákveðnum mörkum eða „landamærum“ í þeim skilningi að það útilokar aðra frá viðkomandi félagslegri einingu eða starfsemi. Samstaða fólks í tengslum er oft byggð á samfélagi fjölskyldu, nánustu ættingja og vina. Í þessu samfélagi er staða fólks oft svipuð, og tengslin hafa tilhneigingu til að styrkja valda sjálfsmynd og viðhalda einsleitni í hópum og jafnvel útiloka eða einangar aðra frá öðrum hópnum. Í þessum skilningi veita tengslin ef til vill einstaklingsbundinn stuðning en hafa samt sem áður um leið bæði kosti og ókosti. Kosturinn er þá samstaða hópsins og einstaklingsbundni stuðningurinn, en ókosturinn er að tengslin geta viðhaldið félagslegum vanda eins og félagslegri útilokum og einangrun frá ýmsum gæðum samfélagsins, eins og t.d. menntun. Það á t.d við þegar börn í þessum fjölskyldum (tengslum) eru ekki hvött áfram til náms þar sem það er ekki talið mikilvægt hjá hópnum. En, rannsóknir hafa sýnt að menntun er einn af mikilvægustu þáttum í því að auka lífsgæði fólks (Save the Children, 2014)

Það er því mikilvægt að auðga félagsauðinn með byggingu nýrra tengsla. Við það að einstaklingar öðlist aukinn félagsauð með því móti geta skapast sambönd og net sem einkennist af opnum samskiptum og hreinskilni gagnvart fólki og hópum af mismunandi tagi. Þessar brýr tengja saman ókunnunga, minna kunnuga einstaklinga og ólíka einstaklinga (Hvinden o.fl., 2005). Þannig má efla félagsauð fólks af ólíkum uppruna og gildi um leið og það eykur víðsýni þeirra og bjargir.

Bourdieu (1986) benti á að hefðbundinn skilningur á efnahaglegum auði væri of takmarkaður. Hann taldi að slíkur skilningur taki ekki mið af því að auður hefur þrjú megin form, efnahagslegt, félagslegt og menningarlegt. Samkvæmt honum er efnahagslegt auðmagn margvíslegt og grunnur alls annars auðmagns, og það má nota til að auka bæði félagslegan og menningarlegan auð. Ólíkum tegundum auðmagns má í vissum tilvikum skipta fyrir aðrar. Bourdieu fjallaði einnig um táknbundið auðmagn sem felur í sér frægð, orðspor og virðingu sem er afleitt af öðrum formum auðmagns sem eru viðurkennd og álitin réttmæt í samfélaginu. Menningarlegt og félagslegt auðmagn getur veitt aðgang að ákveðnum efnislegum og táknbundnum gæðum sem gefur betri stöðu í samfélaginu (Bourdieu, 1986).

Auðmagn af ólíkum toga á þátt í að ákvarða félagslega stöðu fólks og möguleika á að víkka út félagslegt tengslanet. Magn félagslegs auðs sem hver og einn hefur yfir að ráða byggir á því

hversu víðfeðmt tengslanet viðkomandi getur virkjað og á magni þess auðs sem aðrir í tengslanetinu búa yfir. Félagslegur auður er þannig aldrei óháður öðrum gerðum auðs, og hann þróast ekki nema tengslin séu virkjuð í ákveðnu samhengi. Með því að virkja tengsl byggjast upp félagsleg tengslanet og um leið möguleiki til að skapa félagslegan auð (Bourdieu, 1986).

Samkvæmt kenningu Bourdieu er samfélagið samansett af mörgum félagslegum kerfum þar sem innan hvers kerfis er stöðug barátta um vald til að skilgreina reglur og viðmið sem eru gildandi í kerfinu. Kerfið er að miklu leyti sjálfstætt hvað varðar reglur og viðmið þess og kallar hann slík kerfi vettvang eða svið (e.field), hér eftir nefnt svið. Auk þess er tekist á um ríkjandi dreifingu á hvers kyns auðmagni innan sviðs (Wacquant, 2008). Algeng dæmi um svið eru skólar og háskólar, fræðasvið, vinnustaðir eða starfsstéttir. Samkvæmt Bourdieu er auðmagn hver sú uppspretta sem í gefnum félagslegum aðstæðum eða sviði gerir fólki kleift að tileinka sér þann ávinning sem fæst af þátttöku á sviðinu (Bourdieu, 1986; 1990). Þátttaka barna í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi og möguleikar til að auka félagsauð sinn er til umfjöllunar í þessu riti út frá efnahag foreldra og ofangreindum kenningum um félagsauð. Samkvæmt þessu er mikilvægt að börn í mismunandi tengslaneti kynnist og virki tengsl til að byggja upp og víkka tengslanet sín. Ef börn efnaminni foreldra eiga að hafa möguleika á auka félagsauð sinn þurfa þau að hafa aðgang að tengslum við börn efnameiri foreldra. Hreyfanleiki auðs og tengsl skipta máli innan kerfisins en þar fer fram stöðug barátta og valdaátök um að auka auð til að bæta stöðu sína innan þess (Bourdieu, 1986).

Samkvæmt Bourdieu skapast menningarlegur auður að mestu innan fjölskyldu og í félagsmótun einstaklingsins. Menningarlegur auður felur í sér formlega menntun, eignarhald á tiltölulega fágætum og vel metnum menningarlegum eiginleikum, hæfileikum, þekkingu eða munum. Í því samhengi má nefna sérstaklega fagaða málnotkun sem gengur í erfðir milli kynslóða og er náttúrugerð, þ.e. látin líta út fyrir að koma náttúrulega eða vera meðfædd þeim sem beita henni. Menningarauður hefur þá sérstöðu á meðal auðmagns að það er líklegt til að renna saman við og verða hluti af lífshætti (e.habitus) fólks. Í þessu samhengi skilgreindi hann hugtakið lífshættir með nýjum hætti á sjöunda ártugnum og útlistar það m.a. í bók sinni *The Logic of Practice* (Bourdieu, 1986, 1990).

Lífshættir (e.habitus) eru samkvæmt Bourdieu afleiðing félagsmótunar og geta af sér ólíkar félagslegar gjörðir sem eru í samræmi við stöðu einstaklings í félagslegu samhengi. Þessar margbreytilegu félagslegu gjörðir eru birtingarmyndir ólíkra lífshátta sem þjóna jafnframt

tilgangi ákveðins flokkunarkerfis, sem dregur fólk í dilka út frá hegðun þess og atferli. Með félagsmótun tileinkar einstaklingurinn sér mun á því sem er gott og vont, rétt og rangt, eftirsóknarvert og fráhrindandi í samræmi við svið og stöðu viðkomandi, sem útskýrir hvers vegna sama fyrirbærið getur haft mjög ólíka merkingu fyrir fólk (Bourdieu, 1990).

Ef marka má kenningar ofangreindra fræðimanna er félagslegur auður og félagsleg tengsl mikilvæg fyrir bjargir einstaklinga, stofnana og samfélags í heild. Félagsauður einstaklinga og fjölskyldna ræðst þar af leiðandi mikið af þeim tengslum og þeim hópum sem þeir tilheyra. Þetta vekur upp spurningar um möguleika barna efnaminni foreldra til að auka félagsauð sinn og tengsl með því að byggja brú á milli ólíkra hópa. Áhersla Bourdieu á fjárhagslegan auð sem grundvöll fyrir öðrum tegundum auðs er mikilvæg í þessu samhengi þar sem börn efnaminni foreldra skortir auðmagn af fleiri en einni tegund til að eiga möguleika á að auka sinn auð með þátttöku í tengslaneti í ólíkum hópum. Með þetta í huga er áhugavert er að skoða stöðu barna út frá kenningu Bourdieu um það hvernig aðgengi að auðmagni kerfisbundið viðheldur félagslegri mismunun (Bourdieu & Wacquant 1992). Í þessu tilliti er mikilvægt að setja í samhengi hugtök í kenningu Bourdieu um auðmagn þ.e. svið, auður og lífshættir (Rosenlund og Prieur, 2006). Möguleikar barna í lífsbaráttunni ráðast samkvæmt þessu af fjárhagslegum aðstæðum foreldra og lífsháttum sem börn mótast af í uppeldi og félagsmótun. Í nútíma samfélagi vestrænna velferðarkerfa fer félagsmótun fram í auknum mæli utan heimilis og eiga peningar stóran þátt í því hversu fjölbreytt og auðgandi hún er fyrir hvert barn. Má þar nefna þátttöku barna í skipulögðu íþrótt, tómstunda og menningalegu starfi ásamt félagslegri stöðu foreldra. Menntun og fjárhagsleg afkoma foreldra helst í hendur sem aftur hefur áhrif á aðstæður barna eins og niðurstöður rannsóknar RBF og FHÍ sýna glögglega (Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012).


3 Framkvæmd rannsóknar og svarsheimtur

Rannsóknin sem hér er kynnt var unnin að beiðni Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Markmið rannsóknar var að fá mynd af stöðu Reykvískra foreldra eftir atvinnustöðu þeirra. Gagnasöfnun var þríþætt. Í fyrsta lagi var tekið úrtak 650 manns sem naut fjárhagsaðstoðar árið 2011, þá var úrtak 650 manns á atvinnuleysissskrá og að lokum 704 einstaklingar úr netpanel FÍH. Þannig náði rannsóknin til 2004 einstaklinga sem áttu það allir sameiginlegt að vera búsettir í Reykjavík og vera foreldrar. Gagnasöfnun fór fram með tvenns konar hætti, annars vegar símakönnun meðal foreldra sem nutu fjárhagsaðstoðar eða atvinnuleysisbóta og hinsvegar netkönnun til samanburðarhóps á vinnumarkaði úr netpanel. Símakönnun meðal reykvískra foreldra sem þáðu fjárhagsaðstoð og reykvískra foreldra á atvinnuleysisbótum fór fram 1. desember 2011 – 3. janúar 2012. Svarhlutfall í símakönnun var 57% (nettó). Netkönnun meðal þátttakenda í netpanel FÍH fór fram 13. – 17. janúar 2012. Svarhlutfall í netkönnun var 49%. Niðurstöður eru settar fram í myndum og marktekt á milli hópa táknuð með stjörnum; * $P < 0,05$, ** $p < 0,01$ og *** $p < 0,001$. Stundum uppfylla gögnin ekki marktektarpróf og er það þá skammstafað (óg). Frekari upplýsingar um rannsóknina, niðurstöður sem hér koma fram og nánari greiningar á þeim, má finna á vefsíðu RBF (rbf.is) (Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012).

4 Niðurstöður


4.1 Bakgrunnur þátttakenda

Í þessum kafla verður fjallað um bakgrunn þátttakenda í rannsókninni. Þátttakendur eiga það allir sameiginlegt að vera foreldrar og var það forsenda fyrir þátttöku í rannsókninni og verða þátttakendur hér eftir nefndir foreldrar. Niðurstöður sýna að bakgrunnur foreldra er að mörgu leyti ólíkur eftir atvinnustöðu. Þannig má sjá að kynjahlutfallið er mjög ólíkt og að 93% foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar eru konur. Hærra hlutfall foreldra eru karlar hjá hinum hópunum tveim, eða 37 – 38% á móti (62-63%) hlutfalli kvenna sjá mynd 1.




Mynd 1. Kyn þátttakenda***

Aldursskiptingin er einnig ólík milli hópanna. Þannig eru um 70% foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar á aldrinum 18-29 ára til samanburðar við 9% foreldra á vinnumarkaði og 22% foreldra á atvinnuleysisbótum. Helmingur foreldra í launaðri vinnu er eldri og 40% foreldra á atvinnuleysisbótum er kominn yfir fertugt samanborið við 14% þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar (mynd 2).




Mynd 2. Aldur þátttakenda***

Þegar kemur að menntun foreldra er bakgrunnur þeirra einnig ólíkur. Þannig eru 65% foreldra í launaðri vinnu með háskólapróf til samanburðar við 34% svarenda á atvinnuleysisbótum og 8% foreldra sem nýtur fjárhagsaðstoðar. Rúmlega 60% foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar eru eingöngu með grunnskólapróf, samanborið við 23% atvinnulausra og 6% í launaðri vinnu (mynd 3).




Mynd 3. Menntun þátttakenda ***

Hjúskaparstaða foreldra er einnig ólík. Þannig eru aðeins 6% foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar giftir eða í sambúð til samanburðar við nær 70% foreldra sem eru atvinnulausir og yfir 90% foreldra í launaðri vinnu (mynd 4).



Mynd 4. Hjúskaparstaða þátttakenda***

Langflestir eða 87% þeirra sem eru á vinnumarkaði búa í eigin húsnæði til samanburðar við 64% þeirra sem eru á atvinnuleysisbótum og 16% þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar. En flestir eða 47% þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar búa í leiguhúsnæði og 27% í félagslegu leiguhúsnæði (mynd 5).




Mynd 5. Búseta þátttakenda***

Bakgrunnur foreldra er eins og sjá má hér að framan mjög ólíkur eftir því hvort þeir njóta fjárhagsaðstoðar, atvinnuleysisbóta eða eru á vinnumarkaði. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við túlkun niðurstaðna í lokakafla.

4.2 Staða þátttakenda


Hér á eftir er sett fram greining á stöðu foreldra eftir því hvort þeir eru á vinnumarkaði, á atvinnuleysisbótum, eða njóta fjárhagsaðstoðar frá Reykjavíkurborg. Foreldrar voru spurðir

um heildartekjur heimilisins í síðasta mánuði. Mikill munur er á heimilistekjum foreldra eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði, lægstar eru heimilistekjurnar hjá foreldrum sem njóta fjárhagsaðstoðar og er yfir helmingur þeirra með heimilistekjur undir 200 þúsund og 33% til viðbótar 2-4 hundruð þúsund. Heimilistekjur nær allra sem eru í atvinnu (98%) eru 400 þúsund krónur eða meira, þessu er mjög ólíkt farið hjá hinum hópunum. Þannig segja 51% foreldra á atvinnuleysisbótum að heimilistekjur séu yfir 400 þúsund en aðeins 15% þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar (mynd 6).



Mynd 6. Heimilistekjur þátttakenda***


Foreldrar voru spurðir hversu vel þeim gangi að láta enda ná saman. Eins og sjá má af töflu 6, gengur 65% foreldra sem fá fjárhagsaðstoð mjög eða frekar illa að ná endum saman. Þetta á einnig við um nærri 57% foreldra á atvinnuleysisbótum, en aðeins 29% foreldra á vinnumarkaði. Aftur á móti gengur 38% þeirra sem eru í launaðri vinnu mjög eða frekar vel með að láta enda ná saman, samanborið við 16% fólks á atvinnuleysisbótum og 15% fólks sem njóta fjárhagsaðstoðar (mynd 7).



Mynd 7. Hversu vel eða illa gengur þér að láta enda ná saman?***


Áhrif atvinnustöðu foreldra á velferð barnsins

Foreldrar sem áttu fleiri en eitt barn voru beðnir að svara fyrir það barn sem átti síðast afmæli. Um 326 börn er að ræða. Eru þetta heldur fleiri drengir (54%) en stúlkur (46%). Aldur barnanna er mismunandi en 55% þeirra eru undir 5 ára aldri, 21% eru á aldrinum 6 til 9 ára, 13% á aldrinum 10 til 14 ára og 12% eldri en 15 ára. Eins og komið hefur fram eru foreldrar sem hafa framfærslu sína með fjárhagsaðstoð á aldrinum 18-29 ára og er hærra hlutfall barna þeirra undir 5 ára aldri (68%) samanborið við 46% barna fólks á atvinnuleysisbótum og 31% barna fólks í launaðri vinnu (mynd 8).




Mynd 8. Aldur barnsins***

Foreldrar voru spurðir hversu miklum fjármunum þeir verðu í tómstundir barna sinna á þessari haustönn. Niðurstöður sýna að hlutfall foreldra (59%) sem nutu fjárhagsaðstoðar greiddi undir 25 þúsund krónur vegna tómstunda barna sinna og 17% greiddu alls ekkert í tómstundir fyrir börn sín. Foreldrar sem eru á vinnumarkaði sögðust í 26 % tilvika greiða 51 þúsund eða meira til tómstundaiðkunar barna þeirra á önn, þetta á einnig við um 21% þeirra sem njóta atvinnuleysisbóta en aðeins um 9% þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar (mynd 9).




Mynd 9. Hversu miklu fjármunum varðir þú í íþrótt og tómstundastarf barnsins þessa haustönn?***

Þegar skoðaðar eru tómstundir barna undir 6 ára aldri má sjá að ekki er marktækur munur á þátttöku barna í sundnámskeiðum fyrir 0-5 ára eftir atvinnustöðu foreldra (mynd 10).




Mynd 10. Þátttaka barna á aldrinum 0 til 5 ára í sundnámskeiðum

Niðurstöður sýna að nær helmingur barna foreldra í launaðri vinnu taka þátt í íþróttanámskeiðum/íþróttaskóla til samanburðar við 13-15% barna sem eiga foreldra sem fá fjárhagsaðstoð eða eru á atvinnuleysisbótum.




Mynd 11. Þátttaka barna á aldrinum 0-5 ára í íþróttanámskeiðum/íþróttaskóla (óg)

Foreldrar voru einnig spurðir hvort börn þeirra væru í tónlistarnámi. Niðurstöður sýna að 24% barna sem eiga foreldra í launaðri vinnu eru í tónlistarskóla, sama á við um 15% barna sem eiga foreldra á atvinnuleysisbótum en aðeins 3% barna sem eiga foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar (mynd 12).




Mynd 12. Er barnið í tónlistaskóla?*

Foreldrar voru einnig spurðir um þátttöku barna þeirra á aldrinum 10 til 15 ára í skólaböllum eða böllum í félagsmiðstöð. Lang algengast er að börn foreldra sem fengu fjárhagsaðstoð (40%) stundi skólaböll eða böll í félagsmiðstöðinni mánaðarlega eða oft, þetta gera líka börn foreldra á atvinnuleysisbótum (20%) en aðeins 6% barna foreldra á vinnumarkaði (mynd 13).




Mynd 13. Þátttaka barna á aldrinum 10 til 15 ára í skólaböllum eða böllum í félagsmiðstöð. (óg)

Þá var spurt um þátttöku barna á aldrinum 10 til 15 ára í klúbbastarfi eða opnum húsum í félagsmiðstöð. Langalgengast er að börn fólks sem nýtur fjárhagsaðstoðar (53%) taki þátt í þessu starfi mánaðarlega eða oft, heldur lægra hlutfall barna fólks á atvinnuleysisbótum (40%) en þó heldur hærra en hlutfall barna foreldra í vinnu (28%) (mynd 14).




Mynd 14. Þátttaka barna á aldrinum 10 til 15 ára í klúbbastarfi eða opnum húsum í félagsmiðstöð (óg).

Nær helmingi lægra hlutfall barna foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar hreyfa sig utan skóla þannig að þau mæðist eða svitna (34%) samanbórið við 61% barna foreldra á vinnumarkaði og 43% barna á atvinnuleysisbótum.




Mynd 15. Hve oft stundar barnið hreyfingu utan skóla þar sem barnið mæðist og svitnar?*

Foreldrar voru einnig spurðir hvort þeir fengju aðstoð frá ættingjum og/eða vinum við að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf barna sinna. Gögnin uppfylltu ekki marktektarpróf, en marktækur munur var hinsvegar þegar búið er að taka saman þá sem njóta fjárhagsaðstoðar og atvinnuleysisbóta samanborið við þá sem eru í launaðri vinnu. Mun hærri hlutfall þeirra sem eru á vinnumarkaði svara spurningunni neitandi til samanburðar við hina hópana (mynd 16).



Mynd 16. Færðu aðstoð frá ættingjum og/eða vinum við að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf barnsins? óg (*)**

Þá má sjá að einungis 57% foreldra sem fá fjárhagsaðstoð hafa nýtt sér Frístundakortið. Heldur fleiri foreldrar á atvinnuleysisbótum (67,5%) nýttu sér Frístundakortið meðan mikill meiri hluti, eða 90% foreldra á vinnumarkaði höfðu nýtt sér Frístundakortið (mynd 17).



Mynd 17. Hefur þú á síðustu 12 mánuðum nýtt Frístundakortið sem er í boði til að greiða niður frístundastarf barnsins?***

5 Samantekt og umræða

Í upphafi rannsóknar voru settar fram tvær rannsóknaspurningar. Annars vegar var kannað hvort börn fólks sem nýtur fjárhagsaðstoðar eða avinnuleysisbóta séu félagslega útilokuð frá þátttöku í félagsstarfi (íþróttum og tómstundum) vegna fjárhagsstöðu foreldranna, og hins vegar hvort atvinnustaða og þar með fjárhagur foreldra hafi áhrif á félagslegt tengslanet og félagsauð barna þeirra. Í stuttu máli er svarið við báðum spurningunum já.

Skýrar vísbendingar eru um að börn efnaminni foreldra hafi takmarkaðri aðgang að gæðum samfélagsins (tómstunda og uppeldisstarfi) en börn efnameiri foreldra. Aðstæður og bakgrunnur reykvískra foreldra eru að mörgu leyti ólíkur eftir því hvaðan þeir fá tekjur til að framfleyta sér. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að fjárhagur foreldra sem þáðu fjárhagsaðstoð var lakastur af umræddum þrem samanburðarhópum, þar á eftir kom fjárhagur þeirra foreldra sem þáðu atvinnuleysisbætur en bestur var fjárhagur foreldra með atvinnutekjur. Yfir 90% þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar eru konur og eru flestar þeirra 18-29 ára. Hlutfall karla hjá hinum hópunum tveimur var mun hærra eða 37 – 38%. Þeir sem eru í launaðri vinnu hafa meiri menntun en þeir sem þiggja atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð. Flestir sem þiggja fjárhagsaðstoð hafa einungis grunnskólapróf en flestir í launaðri vinnu hafa háskólapróf. Þeir sem þiggja fjárhagsaðstoð búa mun síður í eigin húsnæði en hinir tveir hóparnir. Hærra hlutfall foreldra sem nýtur fjárhagsaðstoðar er yngri en foreldrar í hinum tveim hópunum. Hærra hlutfall barna þeirra er einnig undir 5 ára aldri samanborið við hina hópana.

Foreldrar í launaðri vinnu eiga auðveldara með að láta enda ná saman samanborið við foreldra sem þiggja atvinnuleysisbætur eða fjárhagsaðstoð. Einnig verja foreldrar sem fá tekjur til framfærslu með launavinnu hærri fjárhæðum í íþrótt og tómstundastarf barna sinna. Foreldrar sem þiggja fjárhagsaðstoð hafa í mun meira mæli átt í erfiðleikum með að greiða fyrir íþrótt- og tómstundastarf barnsins, en foreldrar sem höfðu atvinnutekjur. Foreldrar sem fá fjárhagsaðstoð hafa einnig mun oftár fengið aðstoð frá ættingjum eða vinum við að greiða fyrir íþrótt- eða tómstundastarf barna sinna en foreldrar sem fá atvinnuleysisbætur. Foreldrar á vinnumarkaði hafa sjaldnast þurft á slíkri aðstoð að halda.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru börn efnaminni foreldra strax undir 6 ára aldri í þeirri stöðu að hafa takmarkaðan aðgang að gæðum samfélagsins samanborið við börn efnameiri foreldra. Þau taka síður þátt í skipulögðu íþrótt og tómstundastarfi og eru síður á leikskóla og eiga þar af leiðandi síður aðgang að félagslegu tenglaneti almennt samanborið við börn efnameiri foreldra.

Mismunurinn heldur áfram þegar börnin komast á grunnskólaaldurinn. Börn foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur stunda síður skipulagt íþrótt og tómstundastarf en börn foreldra í launaðri vinnu. Börn foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð á aldrinum 10-15 ára stunda frekar félagsstarf í félagsmiðstöðvum og klúbbastarfi sem er meira tilviljunarkennt og fylgir minni fjárhagslegur kostnaður en þátttaka í skipulögðu íþrótt og tómstundastarfi. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands (2015) eru um þriðjungur barna á aldrinum 1-15 ára ekki í reglubundnu tómstundastarfi samanborið við um 14% barna árið 2009 og hefur því staðan versnað umtalsvert á síðustu árum.

Mismunandi aðgengi barna þessara foreldra að íþrótt, félags- og tómstundastarfi gerir það að verkum að félagslegt tengslanet þeirra er ólíkt og þar með einnig þær bjargir sem slíkt tengslanet getur veitt. Líklegt er að tengslanet beggja þessara hópa, þ.e. börn foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð eða atvinnuleysisbætur, sé einsleitt strax á leikskólaaldri en það hefur áhrif á þær bjargir sem börn hafa áfram í félagslegu tengslaneti sínu. Börn efnaminni foreldra eru samkvæmt þessu útilokuð frá því að tengjast félagslega sterkum böndum ólíkra hópa og þar með minni líkur á að þau geti aukið félagsauð sinn með tengslum við börn efnameiri foreldra. Félagsauður krefst tengsla sem byggir upp traust, félagsleg viðmið og gildi út frá gagnkvæmni og skuldbindingu til heilla fyrir tengslin.

Ef við höldum okkur við kenningu Bourdieu (1986) um félagsauð fara börn efnaminni foreldra á mis við tækifæri til að tengjast inn í félagslegt tengslanet einstaklinga með betri félagslega stöðu. Til þess að hafa stöðu innan hóps þarf einstaklingurinn að virkja tengslin í ákveðnu samhengi. Magn auðs skiptir máli til að byggja upp og viðhalda félagslegum tengslum og þar með félagsauð innan hópa. Slíkt gerist í reglubundnum samskiptum þar sem tengsl eru virkjuð. Börn efnaminni foreldra geta því síður keppt um góða félagslega stöðu innan nýrra félagslegra kerfa og því líklegra að þau muni eiga erfitt uppdráttar í samfélaginu.

Þau börn sem ekki taka þátt í skipulögðu félagsstarfi sem kostar fjárhagsútlát foreldra eru útilokuð frá þeim tengslum sem skapast með þátttöku í slíku félagsstarfi. Börn foreldra með lægstu tekjur útilokast frá tengslum við börn foreldra með meiri fjárráð og öflugri bjargir sér

til framdráttar. Sá félagsauður sem þessi börn fara þannig á mis við sviptir þau lífsgæðum sem skipta máli varðandi framtíðarmöguleika þeirra sem einstaklinga og samfélagsþegna.

Lang fæst barna foreldra sem þáðu fjárhagsaðstoð höfðu verið í tónlistar og/eða myndlistarskóla. Fjárhagur foreldra ræður þar af leiðandi miklu um það hvaða möguleika börn hafa til handleiðslu og leiðsagnar og til að njóta og skapa í listum og menningu. Þá stunda þau í mjög litlum mæli tónlistarnám miðað við börn foreldra í launaðri vinnu.

Ef leitað er í smiðju Putnams (2000) eru möguleikar barna foreldra sem þiggja fjárhagsaðstoð takmarkaðir hvað snertir tækifæri til að byggja brú yfir í tengslanet þar sem magn félagsauðs opnar leið að sterkari björgum. Takmörkuð þátttaka þeirra í reglubundnu félagsstarfi með börnum frá efnameiri heimilum veitir þeim síður aðgang að sterkari björgum en þeim sem finnast í þeirra eigin tengslaneti. Tengslin geta þannig stuðlað að eða magnað vandamál eins og höfnun og einangrun og þannig valdið félagslegri útilokun meðal fátækra barna.

Í ljósi framangreindra kenninga skapast menningarlegur auður að mestu innan fjölskyldunnar í félagsmótuninni og hefur fjármagn m.a. áhrif á þann menningarlega auð sem börnum hlotnast eða hlotnast ekki. Efnisleg og táknbundin gæði geta veitt aðgang að betri stöðu í samfélaginu sem eru tilkomin vegna menningar og félagsauðs. Margt í menningarlegum auði hefur þá sérstöðu meðal auðmagns að það er líklegt að renna saman við og verða að lífshætti fólks og er þannig hluti af hinum félagslega arfi. Um miðja síðustu öld setti sænski barnageðlæknirinn Gustav Jonsson (1964) fram kenningu um félagslega arfleifð þ.e. hvernig lífshættir, fjölskylduaðstæður og önnur mótun í nærumhverfi barns fylgir því ekki aðeins áfram í eigin fjölskyldu heldur flyst áfram til næstu kynslóðar, verður arfleifð sem fær samfélagslegar afleiðingar. Að sama skapi má hugsa að lífshættir þeirra sem búa við langvarandi skort á ýmsum sviðum, hvort sem hann er fjárhagslegur, félagslegur eða menningarlegur erfist líka á milli kynslóða.

Börn efnaminni foreldra hafa minni möguleika á að keppa innan félagslegra kerfa um stöðu í samfélaginu þar sem efnahagslegur auður takmarkar aðgegni þeirra að menningar- og menntunarlegum auði sem aftur mótar gildi og viðhorf sbr. Bourdieu (1990). Þegar foreldra skortir formlega menntun eftir grunnskóla getur það leitt af sér að börn þeirra hafi minni áhuga á námi, tileinki sér önnur gildi og fari þannig á mis við frekari menntun líkt og foreldrarnir (Gustav Jonsson, 1973). Menntun er einn af mikilvægustu þáttum í því að auka lífsgæði fólks og koma í veg fyrir að viðhalda fátækt og félagslegum arfi á milli kynslóða (Save the Children, 2014).

5.1 Ályktanir og tillögur til úrbóta

Mismunandi virkni barna og þátttaka í persónulega og félagslega styrkjandi starfsemi á sér oft rætur í vanda foreldranna, álagi eða úrræðaleysi. Þessu er hægt að mæta með aukinni samvinnu stofnana og fagstétta við að vinna markvissa fjölskylduvinnu. Stjórnvöld hafa reynt að jafna stöðu foreldra með því að greiða niður íþrótt- og tómstundastarf, t.d. með Frístundakorti. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar virðast efnaminnstu foreldrarnir ekki ná að nýta það til að auka virkni barnanna, og koma þar vafalaust til bæði áhrif viðhorf, gildi og upplýsing til foreldra. Hafa verður í huga að Frístundakortið nær að greiða t.d. æfingagjöld í reglubundnum íþróttum, en björninn er þó ekki unninn, því oftast bætist við kostnaður vegna íþróttabúninga, keppnisferða og fleira. Þessu þarf að huga að og finna leiðir til að jafna stöðu barna svo ákveðnir hópar þeirra verði ekki útilokaðir frá þessum gæðum.

Fátækt barna snýst ekki aðeins um efnahagsaðstæður þeirra heldur lífsgæði í víðari merkingu. Um þetta hefur t.d. Cynthia Lisa Jeans (2014) fjallað í nýútkominni doktorsritgerð sinni. Þar ber hún saman félagsmálastefnu í barnafátækt er lýtur að þremur sviðum; barnabótum, meðlagi og umönnun yngri barna og leikskóla. Færir hún rök fyrir því að til að útrýma barnafátækt þurfi öll kerfin að vinna saman einkum þegar kemur að málum er varða forsjá, framfærslu og vernd barna.

Mikil vakning er í íslensku samfélagi fyrir virkni og þróun menntunarúrræða. Menntun gefur tækifæri á betri störfum, eykur víðsýni og styrkir félagslegt kerfi foreldra og þar með líf barnanna. Menntun getur verið í formi formlegrar menntunar, hæfingar, endurhæfingar eða sérhæfðar þjálfunar til ýmissa starfa. Þetta þarf að fara saman við áhuga og getu fólks. Slíkt kallar á markvisst ferli greiningar, þjálfunar og starfamiðlunar þar sem einstaklingnum er fylgt eftir með sérfræðiráðgjöf í viðeigandi úrræðum. Í slíku ferli þarf að samstillja aðkomu ólíkra faghópa eins og t.d. félagsráðgjafa, iðjuþjálfara og sjúkraþjálfara sem eru sérhæfðir í að vinna með langtímamarkmið í þverfaglegu samstarfi. Nánar er vikið að þessu hér á eftir.

Mikilvægt er að halda til haga því sem þegar er vel gert. Reykjavíkurborg hefur um árabil veitt fjárhagsaðstoð til náms einstaklinga 18-24 ára sem ekki hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegri menntun (Velferðarsvið, 2010). Einnig hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við Tryggingarstofnun Ríkisins rekið starfsendurhæfingarúrræði fyrir notendur fjárhagsaðstoðar með skerta starfsgetu, þar á meðal Kvennasmiðjuna og Grettistak. Þá var í

kjölfar efnahagshrunsins sett á laggirnar Atvinnutorg og virkniaukandi úrræði til að auka möguleika notenda fjárhagsaðstoðar á vinnumarkaði. Þetta er mikilvægt og gott framtak en nær aðeins til að leysa hluta vandans (Velferðarsvið, 2013).

Þá má nefna að velferðarsvið Reykjavíkurborgar innleiddi árið 2012 nýtt matstæki *Eigið mat á starfsgetu* (EMS) sem ætlað er að meta starfsgetu notenda fjárhagsaðstoðar. Matið hjálpar bæði notendum og félagsráðgjöfum sem með þeim vinna til þess að meta styrkleika og veikleika viðkomandi til menntunar og náms. Slíkt tæki er mikilvæg forsenda þess að meta stöðu viðkomandi til að hægt sé að vinna áætlun til framtíðar um meiri lífsgæði. Matið verður því útgangspunktur fyrir meðferðaráætlun í átt að valdeflingu, virkni og betra lífi.

Okkar mat er að þau úrræði og matstæki sem þegar eru fyrir hendi muni halda áfram að skila árangri við endurhæfingu og menntun notenda fjárhagsaðstoðar. Hins vegar nýtast þau úrræði sem eru fyrir hendi aldrei öllum, og því þarf að leggja þyngri lóð á vogarskálarnar við mat og einstaklingsúrræði þegar úrræði sem fyrir hendi er henta ekki. Þessir einstaklingar geta átt við fjölþættari eða sértækari vanda að stríða og því ekki í stakk búnir til að nýta sér hefðbundin menntunarúrræði eða endurhæfingu.

Hugsa þarf að áætlun til lengri tíma með bæði styttri og lengri markmiðsþrepum. Æskilegt væri að koma á tilraunaverkefni til a.m.k. fimm ára með fjölþættum stuðningi fyrir ungar einstæðar mæður sem eru notendur fjárhagsaðstoðar. Verkefnið þarf að fela í sér menntunarmöguleika og/eða starfsþjálfun með það að markmiði að auka möguleika þessara ungu einstæðu mæðra til náms eða vinnu. Hugmynd að slíku úrræði felur í sér samþætta áætlun um menntun og/eða starfsþjálfun, fjárhagsstuðning, aðstoðvegna húsnæðismála, uppeldisráðgjöf og sérfræðipjónustu. Jafnframt sé hugað að fjárhagsstuðningi og sérfræðipjónustu vegna barna þeirra. Mikilvægt er að í upphafi fari fram greining á líðan og aðstæðum kvennanna, og hentar EMS matsskalinn vel til þess. Á grundvelli matsins verði síðan gerð einstaklingsáætlun til að mæta mismunandi þörfum hvers og eins. Allan stuðning og þjónustu þarf að samþætta og samræma og því leggjum við áherslu á að í hverju máli verði málstjóri sem sjái um samhæfingu og samskipti við alla hlutaðeigandi aðila til hagsbóta fyrir konurnar sjálfar og aðra sem koma að endurhæfingu hennar. Hér á eftir munum við draga upp mynd af verkefni sem við höfum gefið nafnið TINNA.

Tilraunverkefnið **TINNA** myndi fela í sér fjölþætta þjónustu ólíkra aðila innan velferðar- og menntakerfis sem og virkni og atvinnumiðlana, ásamt sérfræðingum allt eftir greiningu og

mati. Mikilvægt er að gerðir séu formlegir samstarfssamningar. Á mynd 18 hér fyrir neðan má sjá dæmi um aðila úr mismunandi kerfum sem þurft getur að vinna með svo árangur náist. Unnið er út frá hugmyndafræði teymisvinnu þar sem umræddir aðilar koma reglulega saman og vinna sameiginlega að málefnum kvennanna og í samráði við þær. Skipulag tilraunarverkefnis **TINNU** yrði sett fram í sérstakri kröfulýsingu sem segir nákvæmlega til um alla þætti þess.

Ef miðað er við fjölda þeirra sem hófu þátttöku í átaksverkefnum til lengri tíma á vegum velferðarsviðs voru þátttakendur frá 15-55 á árinu 2013 (Velferðarsvið, 2013). Þar sem alltaf er um einstaklingsáætlun að ræða byggja á mati (EMS) er mismunandi hvenær konurnar hefja þátttöku í **TINNU**. Þá tekur einnig mismunandi langan tíma að greina vandann og móta viðeigandi áætlun. Miðað við fjölda þátttakenda í öðrum átaksverkefnum velferðarsviðs Reykjavíkur, má áætla að árlega væri hægt að vísa 15-20 einstæðum mæðrum í tilraunaverkefnið.

Á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar starfa ólíkar fagstéttir þ.e. félagsráðgjafar, kennsluráðgjafar, sálfræðingar sérkennsluráðgjafar og uppeldisfræðingar sem vinna sameiginlega að málefnum fjölskylda (Velferðarsvið, 2013). Þessi mikla fagþekking innan hvernar þjónustumiðstöðvar er mikilvægur þekkingarbrunnur og góður grundvöllur fyrir markvissa fjölskylduvinnu með konunum og fjölskyldum þeirra. Það er því lykिलatriði að umræddar fagstéttir á þjónustumiðstöðvunum séu hluti af **TINNU**.

TINNA þarf að hafa málstjóra (verkefnisstjóra) sem sinnir eingöngu þeim konum sem taka þátt í úrræðinu, hefur yfirumsjón með öllum áætlunum og sinnir samskiptum við samstarfsaðila. Val á þátttakendum þarf að vanda vel og gæta þess að forsendur og áhugi sé til staðar til að nýta sér aðstoðina. Mikilvægur þáttur í stuðningi við foreldra er að fylgja eftir einstaklingsáætlun viðkomandi sem er gerð eftir ítarlegt mat á þörf hans fyrir stuðning. Einstaklingsáætlun þarf að fylgja þétt eftir og málstjóri er vakandi yfir því að henni sé fylgt vel eftir og að hún leiði þannig til aukinna lífsgæða fyrir konurnar. Einnig nær slík áætlun til fjármála heimilisins, ástundunar í námi eða starfsþjálfun, tómstundaiðkunar og ræktun félagslegra tengsla og ásamt fjölskylduvinnu. Þá þarf áætlunin að taka tillit til barna kvennanna, meta þarf þörf fyrir stuðning er varðar barnauppeldi, skipulag á heimili, íþróttar og tómstundaiðkun, umönnun barna, og nám þeirra.



Mynd nr.18 sýnir dæmi um hvaða aðilar þurfa að vera í umræddu formlegu samstarfi (listinn er ekki tæmandi).

Innleiðing á tilraunaverkefninu TINNU og eftirfylgd hennar þarf að skipuleggja í þaula og vera á höndum sérhæfðra aðila. Í upphafi skipulagningar á úrræðinu þarf að ákveða hvernig árangur þess verður mældur. Slík úttekt yrði að vera í höndum rannsakenda á sviði félagsvísinda sem hafa innsýn í málefnið. Í upphafi skal gerð kostnaðargreining við tilraunaverkefnið TINNU og þar skal einnig gert ráð fyrir kostnaði við mat á verkefninu.

Markmiðið með því að fara af stað með tilraunaverkefnið TINNU er að með fjölbreyttum langtímastuðningi við ungar einstæðar mæður sem hafa verið langtímanotendur fjárhagslegrar aðstoðar og börn þeirra er hægt að auka lífsgæði þeirra og barnanna. Með því má auka líkurnar á því að rjúfa þá félagslegu arfleið fjölskyldunnar að búa við lítil efni. Um leið og ný leið er opnuð að betri lífsgæðum skapast ný von og möguleikar til handa næstu kynslóð.

Heimildir

- Ásdís A. Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). *Aðstæður reykviskra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna*. Unnið fyrir Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Bjørn Hvinden, Hagen, Selle, Lorentzen, Slagsvold, Lohrmann, Østberg, Nordlie og og Ranveig Gissinger. (2005). *Sosial kapital. Klargjøring av ulike perspektiver på sosial kapital, kunnskapsstatus, funn og forskningsbehov. Forslag til en videre satsing på forskning om sosial kapital i Norge*. Innstilling fra et utredningsutvalg oppnevnt av Norges forskningsråd. Netútgáfa: www.forskningsradet.no/publikasjoner
- Bourdieu, Pierre. (1986). The forms of capital. Í John G. Richardson, (Ritstj.), *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education*. New York/ West-port/London: Greenwood Press.
- Bourdieu, Pierre. (1990). *The Logic of Practice*. Cambridge: Polity Press.
- Bourdieu, P. og Wacquant, I. (1992) *An invitation to reflexive sociology*, Chicago: Chicago University Press.
- Child Poverty and Social Exclusion in Europe (2014). *A matter of children's rights*. Save the Children.
- Coleman, J. S. (1988). 'Social Capital in the Creation of Human Capital'. *American Journal of Sociology*, 94: 95-120.
- Coleman, J. S. (1994). *Foundations of Social Theory*. Belknap Press, Cambridge MA.
- Hagstofa Íslands (2015). *Félagsvísar: Lífskjör og lífsgæði barna*. Laun, tekjur og vinnumarkaður. Höfundur.
- Halpern, David. (2005). *Social capital*. Cambridge: Polity Press.
- Inge Bø og Morten Schieflo. (2009). *Sosiale landskap og sosial kapital. Innføring i nettverkstenkning*. Universitetsforlaget AS.
- Jonsson, Gustav. (1970) *Det sociala arvet*. Stockholm:Tidens förlag – Folksam.
- Jonsson, Gustav (1973) *Att bryta det sociala arvet*. Stockholm:Tidens/Folksam.
- Larring, Bakke Kari og Stjernø, Steinar. (2010). Sosial kapital blant marginaliserte. Marginalisering. *Fontene Forskning*, 1/10: 53-66.
- Littlewood, P., Herkommer, S. and Koch, M. (2007). 'Social Exclusion, the Underclass and Welfare'. Í Harrysson, L. and O'Brien, M. (Ritstj.), *Social Welfare, Social Exclusion. A life Course Frame* (bls. 7-33). Lund: Värpinge Ord & Text.
- Putnam, Robert. (2000). *Bowling Alone. The Collapse and Revival of American Community*. New York: Simon & Schuster.
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Íþróttir og útvíst*. Sótt 26.mars 2015 af <http://www.reykjavik.is/fristund.is>

- Rosenlund, Lennart og Prieur, Annick. (2006). Det sociale rum, livsstilenes rum – og La Distinction. Í Annick Prieur og Carsten Sestoft. (Ritstj.), Pierre Bourdieu En introduction. (bls.115-155). Hans Reitzels Forlag.
- Save the Children (2014). *Child Poverty and Social Exclusion in Europe. A matter of children's rights*. Brussel Belgium.
- Sen, A. (2000). *Social Exclusion: Concept, Application, and Scrutiny, Social Development*. Papers No. 1, Office of Environment and Social Development, Asian Development Bank. European Social and Labour Market Policy.
- Velferðarsvið. (2013). *Ársskýrsla 2013*. Reykjavík: velferðarsvið.
- Velferðarsvið. (2010). *Reglur um fjárhagsaðstoð 2010*. Reykjavík: velferðarsvið.
- Wacquant, Loïc. (2008). *Urban Outcasts: A Comparative Sociology of Advanced Marginality*. Cambridge: Polity Press.